



***Greinargerð um kostnaðarútreikning
fyrir rekstur hjúkrunarheimilis
í þremur stærðum***

Rekstrarárið 2016.



Inngangur

Um langa hríð hafa Grund, dvalar- og hjúkrunarheimili (frá 1922) og Hrafnista (frá 1957) sinnt því hlutverki að annast aldraða einstaklinga sem ekki geta lengur búið heima.

Bæði félögin hafa fengið greiðslur frá ríkissjóði til að standa straum af kostnaði við þjónustu við sitt heimilisfólk. Þar hefur húsnæðiskostnaður reyndar verið undanskilinn nema hvað hluti byggingarkostnaðar hefur í gegnum tíðina verið greiddur úr Framkvæmdasjóði aldraðra.

Í lögum nr. 112/2008 um sjúkratryggingar er ákvæði um að starfrækt skuli sjúkratryggingastofnun sem hafi m.a. það hlutverk skv. 39. gr. að „annast samningsgerð um veitingu þjónustu í rýmum fyrir aldraða og um endurgjald ríkisins vegna hennar.“ „Sjúkratryggingastofnunin gerir samninga við heilbrigðisstofnanir, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu, sveitarfélög, sjálfseignarstofnanir, fyrirtæki og einstaklinga um veitingu heilbrigðisþjónustu og greiðir þeim endurgjald í samræmi við ákvæði samninganna.“

Í 43. gr. sömu laga segir; „Heilbrigðisstofnanir og aðrir veitendur heilbrigðisþjónustu skulu kostnaðargreina þjónustu sína samkvæmt alþjóðlega viðurkenndum aðferðum. Við kostnaðargreiningu skal taka mið af öllum hagrænum kostnaði, þ.m.t. kostnaði vegna húsnæðis, fjármagns og afskrifta.“ Undanfarin misseri hefur verið unnið að samningum í samræmi við ofangreind lagaákvæði og hafa aðilar komist að niðurstöðu um fjárupphæðir vegna húsnæðis, fjármagns og afskrifta.

Hvað annan rekstrarkostnað hjúkrunarheimila varðar þá liggur ekki enn fyrir niðurstaða um hvað aðilar telja eðlilegt daggjald. Hins vegar liggur fyrir „Kröfulýsing fyrir öldrunarþjónustu“ frá Velferðarráðuneytinu frá árinu 2013 þar sem að fram kemur til hvers stjórnvöld ætlast af þeim sem veita öldruðum hjúkrunarþjónustu. Ekki hefur hins vegar legið fyrir opinber kostnaðargreining á þeirri kröfulýsingu.

Hér er gerð tilraun til að kostnaðargreina þessa kröfulýsingu til að komast að því hvað gæti talist eðlilegt daggjald til að standa straum af þeirri þjónustu sem stjórnvöld krefjast að sé veitt. Til að gera alla umræðu um þær niðurstöður sem að við komumst hér að, bæði faglegri og markvissari fylgja hér með útskýringar og rök fyrir hverjum kostnaðarlið.

Stærsti hluti kostnaðar allra hjúkrunarheimila eru laun starfsmanna og vega þar þyngst laun þeirra starfsmanna sem vinna við aðhlyningu og umönnun. Fyrir liggur skilgreining Landlæknisembættisins um viðmið um mönnun á hjúkrunarheimilum frá árinu 2015 og er þar stillt upp mönnunarmódeli þar sem skilgreind er æskileg mönnun og lágmarksmönnun á hjúkrunarheimilum. Í okkar útreikningi göngum við einnig út frá miðlægri mönnun, sem við bjuggum til en miðlæg mönnun er mönnun sem liggur nokkurn veginn mitt á milli æskilegrar mönnunar og lágmarksmönnunar.

Athygli vekur að í úrvinnslu Landlæknisembættisins í formúlu fyrir reiknaðri umönnunarklukkustund er miðað við 8 klukkustundir sem vinnuframlag hvers starfsmanns á hverri vakt (algengasti fjöldi vinnustunda á vakt). Virkur vinnutími hvers starfsmanns getur hinsvegar aldrei verið 100%. Starfsmaður hefur rétt samkvæmt kjarasamningum til þess að taka sér kaffi og matartíma, auk þess sem ákveðinn tími fer í fundi, fræðslu og þjálfun. Við höfum gert áætlanir sem miða við virkan vinnutíma starfsmanna 6,75 stundir á 8 tíma vakt, sem við teljum mun eðlilegri nálgun þegar vinnuframlag hvers stöðugildis er metið. Í þessari greinargerð og úrvinnslu munum við hinsvegar einungis sína tvær rekstraráætlanir sem báðar miðast við 8 virkar vinnustundir.

Helstu niðurstöður.

Niðurstöður tveggja rekstraráætlana sem settar eru fram í þessari greinargerð sýna að daggjald fyrir 60 rýma hjúkrunarheimili í ***Rekstraráætlun A***, þarf að vera kr. 41.005,- miðað við æskilega mönnun í umönnunarmódeli Landlæknis.

Ef miðað er við miðlæga mönnun eins og við höfum gert grein fyrir annarstaðar í greinargerðinni og kemur fram í ***Rekstraráætlun B***, þá þarf daggjald fyrir 60 rýma hjúkrunarheimili að vera kr. 38.633.-.

Greinargerð um kostnaðarútreikning fyrir rekstur hjúkrunarheimilis í þremur stærðum fyrir árið 2016.

Til grundvallar þessari vinnu er tekið tillit til eftirfarandi opinberra gagna:

„Viðmið um mönnun á hjúkrunarheimilum skilgreind“ 2. Útgáfa, september 2015. Embætti landlæknis og „Kröfulýsing fyrir öldrunarþjónustu“ útgáfa II, janúar 2013. Velferðarráðuneytið

Upphaflega er stillt upp hefðbundnu rekstrarmynstri 60 rýma hjúkrunarheimilis og síðan metin breytileg áhrif þegar um 30 rýma hjúkrunarheimili er að ræða og í hina áttina þegar hjúkrunarheimili verður 90 rýma rekstrareining.

Mönnunarmódel Landlæknisembættis miðast eingöngu við umönnunarhóp starfsmanna og þess vegna er þörfin fyrir aðra starfsmenn metin út frá stærð og umfangi hjúkrunarheimilis og verður útskýrt nánar í þessari greinargerð þar sem fjallað er um rekstur stoðeilda, hverrar fyrir sig. Mönnunarmódel landlæknis gerir ekki ráð fyrir stöðugildi læknis innan umönnunarhóps og því er sá kostnaður tekinn út úr mælikvarðanum fyrir umönnunarklukkustundir. Í mönnunarmódeli landlæknis er gert ráð fyrir því að umönnunarklukkustund sé að lágmarki 4,65 stundir og æskilegt 5,34 stundir og er þá miðað við að RAI-mat sé 1,0. **Við höfum stillt upp tveimur leiðum til útreiknings umönnunarkostnaðar í okkar módeli. Við miðum við æskilegt mat sem er 5,34 stundir og síðan miðlægt mat sem er 5,01 stund:**

Rekstraráætlun A gerir ráð fyrir æskilegum umönnunarklukkustundum eða 5,34 stundir á hvern heimilismann. Í þessari áætlun gerum við ráð fyrir því að miðað sé við að virkur vinnutími sé 8 klukkustundir á hvern starfsmann eins og gert er ráð fyrir í formúlu Landlæknisembættisins.

Fjöldi í umönnun	dagar	klst.	Fjöldi starfstunda pr. viku
56,22	5	8	2248,8
Fjöldi vistmanna	dagar		
60	7		420
Umönnunarklukkustundir pr. heimilismann á sólarhring			5,35

	Stærð heimilis						8 tímar	30	60	90
	30	60	90	Virkar stundir	Daggjald	Daggjald	Daggjald			
Legudagafjöldi	10950	21900	32850	8 tímar						
GJÖLD	Æskilegt									
Launakostnaður í umönnun:										
Samtals launakostnaður í umönnun	28,11	224.175.512	56,22	448.351.024	84,32	672.526.536	20.473	20.473	20.473	
Lækniskostnaður	0,23	12.195.005	0,46	24.390.010	0,69	36.585.015	1.114	1.114	1.114	
Eldhús, mótuneyti, bytibúr	1,00	27.340.444	5,00	56.069.529	5,80	72.624.618	2.497	2.560	2.211	
Ræsting	2,50	12.640.870	5,00	25.281.739	6,80	34.536.466	1.154	1.154	1.051	
Þvottahús		5.471.155		10.898.310		16.325.465	500	498	497	
Fasteignir, umsjón og rekstur		55.441.804		110.883.608		166.325.411	5.063	5.063	5.063	
Stjórnun og skrifstofa	4,25	35.874.300	4,40	52.272.600	5,00	80.518.798	3.276	2.387	2.451	
Sjúkraþjálfun	0,80	4.573.077	1,60	9.146.154	2,40	13.719.231	418	418	418	
Iðjuþjálfun	0,30	1.819.083	0,60	3.638.165	0,90	5.457.248	166	166	166	
Dægradvöl, félagsstarf	0,60	3.712.709	1,20	7.425.417	1,80	11.138.126	339	339	339	
Hjúkrunarkostnaður		9.559.350		19.118.700		28.678.050	859	859	859	
Aðkeypt sérfræðiþjónusta		657.000		1.314.000		1.971.000	60	60	60	
Ýmis rekstrarkostnaður		2.417.945		4.566.420		6.364.665	221	209	194	
Önnur stoðsvið	0,80	6.056.743	1,55	12.034.421	2,40	18.618.459	553	550	567	
Dagdvöl - dagvistun		0		0		0	0	0	0	
Eignakaup (afskriftir tækja og búnaðar)		15.824.721		31.267.068		44.896.533	1.445	1.428	1.367	
Fjármagnskostnaður		0		0		0	0	0	0	
	38,59	417.759.717	76,03	816.657.165	110,11	1.210.285.621	38.138	37.276	36.829	
Ýmislegt ófyrirséð		62.663.958		81.665.717		121.028.562	5.723	3.729	3.684	
Heildamiðurstöður áætlunar		480.423.675		898.322.882		1.331.314.183	43.860	41.005	40.513	

Rekstraráætlun B gerir ráð fyrir meðaltals umönnunarklukkustundum eða 5,01 stund á hvern heimilismann og jafnframt að 8 stundir sé virkur vinnutími starfsmanns.

Fjöldi í umönnun	dagar	klst.	Fjöldi starfsstunda pr. viku
52,64	5	8	2105,6
Fjöldi vistmanna	dagar		
60	7		420
Umönnunarklukkustundir pr. heimilismann á sólarhring			5,01

	Stærð heimilis						8 tímar	30	60	90
	30	60	90	Virkar stundir	Daggjald	Daggjald	Daggjald			
Legudagafjöldi	10950	21900	32850	8 tímar						
GJÖLD										
Miðlægt										
Launakostnaður í umönnun:										
Samtals launakostnaður í umönnun	26,32	200.564.418	52,64	401.128.835	78,95	601.693.253		18.316	18.316	18.316
Lækniskostnaður	0,23	12.195.005	0,46	24.390.010	0,69	36.585.015		1.114	1.114	1.114
Eldhús, mötuneyti, býtibúr	1,00	27.340.444	5,00	56.069.529	5,80	72.624.618		2.497	2.560	2.211
Ræsting	2,50	12.640.870	5,00	25.281.739	6,80	34.536.466		1.154	1.154	1.051
Þvottahús		5.471.155		10.898.310		16.325.465		500	498	497
Fasteignir, umsjón og rekstur		55.441.804		110.883.608		166.325.411		5.063	5.063	5.063
Stjórnun og skrifstofa	4,25	35.874.300	4,40	52.272.600	5,00	80.518.798		3.276	2.387	2.451
Sjúkraljálfun	0,80	4.573.077	1,60	9.146.154	2,40	13.719.231		418	418	418
Iðjubjálfun	0,30	1.819.083	0,60	3.638.165	0,90	5.457.248		166	166	166
Dægradvöl, félagsstarf	0,60	3.712.709	1,20	7.425.417	1,80	11.138.126		339	339	339
Hjúkrunarkostnaður		9.559.350		19.118.700		28.678.050		859	859	859
Aðkeypt sérfræðipjónusta		657.000		1.314.000		1.971.000		60	60	60
Ýmis rekstrarkostnaður		2.417.945		4.566.420		6.364.665		221	209	194
Önnur stoðsvið	0,80	6.056.743	1,55	12.034.421	2,40	18.618.459		553	550	567
Dagdvöl - dagvistun		0		0		0		0	0	0
Eignakaup (afskriftir tækja og búnaðar)		15.824.721		31.267.068		44.896.533		1.445	1.428	1.367
Fjármagnskostnaður		0		0		0		0	0	0
	36,80	394.148.623	72,45	769.434.976	104,74	1.139.452.337		35.981	35.120	34.673
Ýmislegt ófyrirséð		59.122.293		76.943.498		113.945.234		5.399	3.513	3.469
Heildarniðurstöður áætlunar		453.270.916		846.378.474		1.253.397.571		41.381	38.633	38.141

Í báðum áætlununum er gert ráð fyrir mönnunarmodeli landlæknis hvað varðar fjölda faglærðra starfsmanna, þar sem æskilegur fjöldi hjúkrunarfræðinga er 27,67% og lágmarksfjöldi 20,2%. Í mönnunarmodelinu er gert ráð fyrir því að æskilegur fjöldi faglærðra í heild sé 77,87% og lágmarksfjöldi 57,13%. Við þessar áherslur í mönnunarmodeli verður fjöldi ófaglærðra aldrei hærri en 42,87% og aldrei lægri en 22,13%. Það skal tekið fram að félagsliðar eru taldir með faglærðum í mönnunarmodeli Landlæknisembættisins.

Starfsstéttir í umönnun.

Við launaútreikning starfsstétta í umönnun er miðað við meðallaun starfsstétta sem fá greidd laun frá ríkinu. Sótt er í meðaltalslaunatöflur á vef fjármálaráðuneytisins. Þar sem ekki eru komin inn í þessar meðaltalslaunatöflur hækkun nýlega gerðra kjarasamninga nema frá 1. maí 2015 er nauðsynlegt að reikna hækkun hvers kjarasamnings inn í töflurnar til þess að fá réttan launakostnað á ársgrundvelli (12 mánaða tímabil). Jafnframt þarf síðan að bæta við umsamdri hækkun hvers kjarasamnings frá 1. júní 2016 og til áramóta. Þannir eru laun í þessari áætlun allri reiknuð út miðað við raunverulegan launakostnað ársins 2016.

	Stærð heimilis						8 tímar	30	60	90
	30	60	90	Virkar stundir	Daggjald	Daggjald	Daggjald			
Legudagafjöldi	10950	21900	32850	8 tímar						
GJÖLD										
Miðlægt										
Launakostnaður í umönnun:										
Hjúkrunarfræðingar	6,08	64.113.509	12,16	128.227.017	18,24	192.340.526		5.855	5.855	5.855
Sjúkraliðar	6,71	52.903.014	13,42	105.806.028	20,13	158.709.042		4.831	4.831	4.831
Félagsliðar	4,45	29.427.420	8,90	58.854.840	13,34	88.282.260		2.687	2.687	2.687
Starfsfólk í umönnun	9,08	54.120.475	18,16	108.240.950	27,24	162.361.425		4.943	4.943	4.943
Samtals launakostnaður í umönnun	26,32	200.564.418	52,64	401.128.835	78,95	601.693.253		18.316	18.316	18.316

Þessi tafla sýnir niðurstöður útreiknings í **Rekstraráætlun B**. Fram kemur stöðuheit, fjöldi stöðugilda, heildarupphæð fyrir 30 rýma, 60 rýma og 90 rýma hjúkrunarheimili og síðan upphæðin sem færast inn í daggjald hverrar af þessum þremur stofnunum til þess að standa undir raunútgjöldum.

Læknalaun.

Laun lækna eru reiknuð úr frá því viðmiði að eitt stöðugildi læknis þurfi fyrir 130 hjúkrunarrými. Bakvaktir miðast við að samkomulag sé gert við stærri stofnun um þjónustu læknis á gæsluvakt og er sá samningur einnig í hlutfalli við stærð heimilis. Ýmsir möguleikar eru til staðar varðandi samninga um gæsluvaktir og augljóslega eru möguleikarnir mestir hér á suð-vestur horni landsins. Að nýta sér heilsugæslulækna til gæsluvakta er einn möguleikinn, og kannski sá algengasti á landsbyggðinni. Hér er hinsvegar ekki lagt mat á hvort möguleikar geti verið breytilegir hvað varðar kostnað heldur er fyrst og fremst hort til „**Kröfúlýsingar fyrir öldrunarþjónustu – útgáfu II**“ þar sem segir orðrétt:

67. Læknisþjónusta.

„*Verksali (hjúkrunarheimili) skal veita heimilismönnum alla nauðsynlega almenna læknisþjónustu og sérfræðilæknisþjónustu ásamt viðeigandi rannsóknum og myndgreiningu og sinna tafarlaust bráðatilvikum. Læknir heimilisins skal bera faglega ábyrgð á því að heimilismenn njóti þeirrar læknisþjónustu sem þeir þarfnast og eiga rétt á*“.

Rekstur eldhúss.

Við áætlanagerð á rekstri eldhúss eru nokkrir möguleikar fyrir hendi og sérstaklega þegar hjúkrunarheimilið er af minni gerðinni. Þó verður að taka það fram að þetta getur verið háð staðsetningu (landsbyggðin). Í okkar áætlun gerum við ráð fyrir því að 30 rýma heimili kaupi mat frá stóreldhúsi, en við fengum tilboð frá einu slíku. Fjöldi keyptra matarskammta miðast við það að starfsfólk fái einnig mat á vinnustað gegn sambærilegu gjaldi og innheimt er á öðrum heilbrigðisstofnunum. Einnig er fjöldi matarskammta hugsaður út frá hagkvæmri nýtingu innan hvers sólarhrings. Rekstraráætlun fyrir 60 rými og 90 rými gerir hins vegar ráð fyrir eldhúsi á staðnum með matreiðslumeistara sem stjórnanda og starfsfólk sem bæði vinnur í eldhúsi og mótuneyti fyrir starfsfólk. Þegar niðurstöður eru skoðaðar varðandi kostnaðarhlutdeild í daggjaldi á milli þessara þriggja stærða má sjá að spurningin um aðkeyptan mat fyrir 60 rými eins og í 30 rýma áætluninni er mjög raunhæf. Þó verður alltaf að taka með í reikninginn hvaða áhrif það hefur á heimilisbraginn allan að ekkert eldhús sé til staðar. Ýmsir félagslegir þættir sem tengjast mat, eins og sérstök tilefni, afmæli, gamlar venjur og hefðir í mat hjá eldra fólki og fleira getur þá gefið þeim sem eru með eldhús ákveðið forskot á minni heimili gagnvart heimilisfólki. Jafnvel svo mikinn að um mismunun sé að ræða í þjónustu við heimilisfólk. Þá er einnig ljóst að eldhús á staðnum gefur möguleika á framleiðslu á mat umfram notkun heimilisins og er sá matur þá seldur til aldraðra í þjónustuíbúðum eða í heimahúsum, en viðkomandi bæjarfélag eða húsfélag væri þá kaupandi. Þannig gæti hjúkrunarheimilið skapað sér tekjur inn í reksturinn.

	Stærð heimilis						8 tímar	30	60	90
	30	60	90	Virkar stundir	Daggjald	Daggjald				
Eldhús, mótuneyti, býtibúr	1,00	27.340.444	5,00	56.069.529	5,80	72.624.618		2.497	2.560	2.211
Vinnulaun:										
Matreiðslumeistari	0,00		1,00	9.102.189	1,00	9.102.189		0	416	277
Annað starfsfólk	1,00	6.038.652	4,00	22.792.605	4,80	27.260.326		551	1.041	830
Eldhúsi	1,00	6.038.652	3,00	17.207.954	3,60	20.558.745		551	786	626
Mötuneyti		0	1,00	5.584.651	1,20	6.701.582		0	255	204
Matvörur		23.519.505		28.610.160		42.915.240		2.148	1.306	1.306
Annar rekstrarkostnaður		590.288		1.180.575		1.770.863		54	54	54
Fæðissala		-2.808.000		-5.616.000		-8.424.000		-256	-256	-256

Ræsting.

Gert er ráð fyrir sama fyrirkomulagi við ræstingu á öllum þremur einingunum. Starfsfólk sér um ræstingu og eru launamenn viðkomandi eininga. Ekki var skoðaður sá möguleiki að vera með aðkeypta ræstingu.

Þvottahús.

Gert er ráð fyrir því að allur þvottur sé í aðkeyptri þjónustu og eru verð í þessum áætlunum byggð á raunverulegum verðum sem eru í gildi í dag. Það sem tilheyrir þessari aðkeyptu þjónustu er allt lín og fatnaður heimilismanna. Hinsvegar er gert ráð fyrir því að starfsmannafatnaður sé ekki til staðar, en í

staðinn eru greiddir fatapeningar til starfsmanna í samræmi við gildandi kjarasamninga. Sú greiðsla er kr. 4.000,- á mánuði miðað við 100% starf.

Fasteign, umsjón og rekstur.

Vinnuhópur um húsnæðiskostnað hjúkrunarheimila sem var skipaður fulltrúum Sjúkratrygginga Íslands og Samtaka fyrirtækja í verferðarþjónustu komst að þeirri niðurstöðu í júní 2015 að stofnkostnaðarluti hjúkrunarheimilis væri 62% af húsnæðisgjaldi og húsnæðiskostnaður væri 38%. Nánar tiltekið skiptast þessar tölur þá í upphafi í húsnæðiskostnað kr. 1.929.- og stofnkostnað kr. 3.146.-, og heildartalan **kr. 5.075.- pr. Daggjald**, en þá er neysluverðsvísitalan 123,2 . Í þessum útreikningi er notast við sömu skilgreiningu á húsnæðisgjaldinu en framreiknað miðað við byggingarvísitölu í janúar 2016, sem er 128,2 og skiptist því í húsnæðiskostnað kr. 2007.- og stofnkostnað kr. 3.274.-. Samtals **kr. 5.281.-**.

Stjórn og skrifstofa.

Í þessari áætlun fyrir 30 rými er aðeins gert ráð fyrir einum aðalstjórnanda sem jafnframt er framkvæmdastjóri hjúkrunar. Með honum er gert ráð fyrir fjármálastjóra/skrifstofustjóra. Á 60 rýma og 90 rýma heimili er hinsvegar gert ráð fyrir forstjóra og framkvæmdastjóra hjúkrunar. Í þeim dæmum er gert ráð fyrir að forstjóri hafi yfirumsjón með fjármálum og skrifstofu og að ekki þurfi sérstaka stjórnendur vegna þeirra þátta. Önnur stöðugildi eru hefðbundin skrifstofustörf í hlutfalli við umfang eins og fram kemur í neðanskráðri töflu.

Stjórnunarstaða	Stöðugildi			Hjúkrunarheimili				
	Laun	Laun með launatgj.	30	60	90	30	60	90
Framkvæmdarstjóri	1.011.200	1.264.000	0	1	1	0	15.168.000	15.168.000
Framkvæmdarstjóri hjúkrunar	792.000	990.000	1	1	1	11.880.000	11.880.000	11.880.000
Fjármálastjóri/skrifstofustjóri	680.000	850.000	1	0	0	10.200.000		
Skrifstofufólk								
Bókari	460.000	575.000	0,5	0,8	1	3.450.000	5.520.000	6.900.000
Launafulltrúi	460.000	575.000	0	0,8	1	0	5.520.000	6.900.000
Alm. Skrifstofustarf	420.000	525.000	0,3	0,5	0,5	1.890.000	3.150.000	3.150.000
Læknaritari	420.000	525.000	0,2	0,3	0,5	1.260.000	1.890.000	3.150.000
			3	4,4	5	28.680.000	43.128.000	47.148.000

Auk þessa launakostnaðar bætist við laun stjórnar sem er þriggja manna, þar sem formaður er með kr 100.000,- á mánuði og aðrir stjórnarmenn með kr. 50.000,- á mánuði.

Annar skrifstofukostnaður og rekstur tölvukerfa er áætlaður út frá rauntölum skrifstofurekstrar Hrafnistu og Grundar en þar er m.a. tekið tillit til lögbundinnar endurskoðunar bókhalds og ársreiknings.

Sjúkraþjálfun.

Allur rekstur sjúkraþjálfunar er áætlaður út frá fjölda heimilismanna á hverjum stað og byggir jafnframt á þeim skilgreiningum sem fram koma í „**Kröfulýsingar fyrir öldrunarþjónustu – útgáfu II**“ þar sem segir:

„Sérstök áhersla skal lögð á að virkja íbúa og gefa þeim tækifæri til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni og stuðla þannig að bættri líkamlegri færni og vitrænni getu íbúa.“

„Sjúkraþjálfari á hjúkrunarheimili tekur m.a. að sér þjálfun á líkamlegri færni sem læknir hefur gefið fyrirmæli um á formlegan hátt. Þjálfun hjá sjúkraþjálfara skal byggja á mati og meðferðaráætlun sjúkraþjálfara og reglulegu endurmati á framvindu og árangri af þjálfun. Í meðferðaráætlun sjúkraþjálfara geta auk áætlunar um þjálfun falist tillögur um þörf fyrir ýmis konar stoð- og hjálpartæki sem íbúi kann að þarfnast og hafa gagn af svo og leiðbeiningar til annarra umönnunaraðila um aðstoð við íbúa.“

Iðjupþjálfun.

	Stærð heimilis						8 tímar	30	60	90
	30	60	90	Virkar stundir	Daggjald	Daggjald	Daggjald			
Iðjubjálfun	0,30	1.819.083	0,60	3.638.165	0,90	5.457.248		166	166	166
Iðjubjálfi	0,30	1.819.083	0,60	3.638.165	0,90	5.457.248		166	166	166
Dægradvöl, félagsstarf	0,60	3.712.709	1,20	7.425.417	1,80	11.138.126		339	339	339
Vinnulaun	0,60	2.902.409	1,20	5.804.817	1,80	8.707.226		265	265	265
Annar kostnaður		810.300		1.620.600		2.430.900		74	74	74

Í áætlun þessari er tengt saman starf iðjubjálfa og starfsemi við dægradvöl og félagsstarf. Áætlunin byggir á fjölda heimilismanna á hverjum stað og byggir jafnframt á þeim skilgreiningum sem fram koma í „Kröfulýsingar fyrir öldrunarþjónustu – útgáfu II“ kafla 3.1.4.5 Félagsstarf og sálgaesla, þar sem segir: „Félagsstarfi heimilismanna skal sinnt af krafti og áhuga. Hlutverk slíkrar þjónustu á hjúkrunarheimili er að örva félagslegt samneyti, virkni og innihaldsrikt líf hjá heimilismönnum. Tótmundaiðja og samvera er mikilvægur þáttur fyrir heimilismenn og mikil örvun felst í umhverfisbreytingu“.

Jafnframt segir um iðjubjálfa:

„Iðjubjálfi á hjúkrunarheimili tekur m.a. að sér þjálfun sem læknir hefur gefið fyriræmi um á formlegan hátt og miðar að því að viðhalda líkamlegri, vitrænni og félagslegri getu íbúa. Þjálfun hjá iðjubjálfa skal byggja á mati og meðferðaráætlun iðjubjálfa og reglulegu endurmati á framvindu og árangri af þjálfun. Í meðferðaráætlun iðjubjálfa geta auk áætlunar um þjálfun falist tillögur um þörf fyrir ýmis konar stoð- og hjálpartæki sem íbúi kann að þarfnast og hafa gagn af svo og leiðbeiningar til annarra umönnunaraðila um aðstoð við íbúa.“

Hjúkrunarkostnaður.

	Stærð heimilis						8 tímar	30	60	90
	30	60	90	Virkar stundir	Daggjald	Daggjald	Daggjald			
Hjúkrunarkostnaður	9.559.350	19.118.700	28.678.050		859	859	859			
Lyfjafraeðingar, lyfjatæknar	0	0	0		0	0	0			
Lyf	5.475.000	10.950.000	16.425.000		500	500	500			
Súrefni - tækjabúnaður	164.250	328.500	492.750		15	15	15			
Lækninga og hjúkrunarvörur	3.011.250	6.022.500	9.033.750		275	275	275			
Röntgen og rannsóknir	755.550	1.511.100	2.266.650		69	69	69			
Annar kostnaður hjúkrunar	153.300	306.600	459.900		14	14	14			

Sá kostnaður sem fram kemur í þessum útreikningi byggir á raunverulegum útgjöldum nokkurra rekstrareininga á Hrafnistu og Grund og tekur svo mið af fjölda heimilismanna á hverjum stað. Allir þessir kostnaðarliðir geta verið mjög breytilegir frá ári til árs byggt á veikindum heimilismanna og kemur þá fram í RAI-mati hverju sinni. Stærð þessara heimila gerir ekki ráð fyrir launuðu starfi lyfjafraeðings eða lyfjatæknis, heldur er gert ráð fyrir því að fyrirliggjandi sé samningur við lyfjafraeðing eða lyfjafyrirtæki um nauðsynlegt eftirlit samkvæmt lögum. Kostnaður vegna þessa er innifalinn í lyfjakostnaði þessarar áætlunar.

Aðkeypt sérfræðiþjónusta.

Undir þessum lið kemur kostnaður vegna þeirrar þjónustu sem hjúkrunarheimili þarf að kaupa af öðrum sérfræðingum sem að jafnaði eru ekki til staðar í starfsmannahópi heimilisins. Hér getur verið um að ræða þjónusta frá augnlækni, geðlækni, talmeinafræðingi, ásamt þjónustu túlka ofl.

Ýmis rekstrarkostnaður.

	Stærð heimilis						8 tímar	30	60	90
	30	60	90	Virkar stundir	Daggjald	Daggjald	Daggjald			
Ýmis rekstrarkostnaður	2.417.945	4.566.420	6.364.665		221	209	194			
Ferðir, fundir, ráðstefnur	200.000	400.000	600.000		18	18	18			
Endurmenntun, þjálfun	120.000	220.000	320.000		11	10	10			
Bifreiðakostnaður	828.150	1.431.900	1.758.450		76	65	54			
Sjúkraflutningar	284.700	569.400	854.100		26	26	26			
Ýmis starfsmannakostnaður	908.445	1.791.820	2.602.165		83	82	79			
Annar rekstrarkostnaður	76.650	153.300	229.950		7	7	7			

Undir þessum lið er sundurliðun kostnaðar sem tilheyrir endurmenntun, þjálfun ofl. sem snýr að starfsmönnum, ferðir stjórnenda og starfsmanna á ráðstefnur ofl. **Bifreiðakostnaður** sýnir þann kostnað sem til fellur vegna reksturs bifreiða heimilis, auk þess sem kostnaður vegna notkunnar bifreiða stjórnenda kemur til vegna vinnu þeirra. **Sjúkraflutningar** segir sig nokkuð sjálft, en töluvert er um að heimilisfólk er flutt á sjúkrahús vegna alvarlegra veikinda og eða slysa. **Ýmis starfsmannakostnaður** er læknisvottorð, íþróttastyrkir, jólagjafir og þátttaka heimilis í kostnaði vegna árs hátíðar starfsmanna. Annar rekstrarkostnaður er t.d. félagsgjöld o.þ.h.

Önnur stoðsvið.

	Stærð heimilis						8 tímar	30	60	90
	30	60	90	Virkar stundir	Daggjald	Daggjald	Daggjald			
Önnur stoðsvið	0,80	6.056.743	1,55	12.034.421	2,40	18.618.459		553	550	567
Samskiptafulltrúi	0,10	1.054.590	0,20	2.109.180	0,30	3.163.770		96	96	96
Gæðastjóri	0,10	1.054.590	0,20	2.109.180	0,30	3.163.770		96	96	96
Fræðslustjóri	0,05	527.295	0,10	1.054.590	0,15	1.581.885		48	48	48
RAI-mat - umsjón	0,05	527.295	0,10	1.054.590	0,15	1.581.885		48	48	48
Sýkingavarnir		0	0,05	527.295	0,10	1.054.590		0	24	32
Félagsráðgjafi	0,10	606.361	0,20	1.212.722	0,30	1.819.083		55	55	55
Prestar, organisti (Er í dægradvöl)		0		0		0		0	0	0
Djákni, sálfræðingur	0,20	1.073.891	0,40	2.147.782	0,60	3.221.674		98	98	98
Bókasafnsfræðingur		0		0		0		0	0	0
Íþróttakennari	0,20	1.212.722	0,30	1.819.083	0,50	3.031.804		111	83	92
Verslun		0		0		0		0	0	0

Undir þessum lið eru skilgreindir verkþættir sem stjórnast mikið af umfangi og stærð heimilis. Þannig eru samskiptafulltrúi, gæðastjóri, fræðslustjóri og RAI-mat umsjón allt störf sem verða umfangsmeiri eftir því sem hjúkrunarheimilið er stærra, bæði hvað varðar heimilisfólk og starfsmenn. Í litlum einingum geta þessi störf verið hluti af starfi hjúkrunarfræðings sem að öllu jöfnu sinnir einnig almennum hjúkrunarstörfum, en jafnframt geta þessi störf verið falin einum starfsmanni til þess að sinna. Sama má segja um sýkingavarnir og félagsráðgjafa, nema þarna er frekar um að ræða sérhæfðari þjónustu sem ekki fellur með öðrum störfum heimilisins og eru þá oftast aðkeypt þegar lítil heimili eiga í hlut. Félagsráðgjafi getur hinsvegar verið hlutastarf þegar heimilið er orðið stærra. Prestur og organisti eru ekki sett inn í þessa verkþætti, heldur eru þeir innifaldir í kostnaði við **Dægradvöl, félagsstörf**. Í texta **Kröfulýsingar** segir: „Þá er æskilegt að boðið verði upp á trúarlegar athafnir með reglulegu millibili og sérstaklega á hátíðisdögum“. Djákni og sálfræðingur er hér sem skilgreindur verkþáttur og er þá aftur vísað í kaflann **3.1.4.5 Félagsstarf og sálsgæsla í Kröfulýsingu, málsgrein 76. Sálsgæsla**. „Heimilismönnum skal standa til boða sálsgæsla, óski þeir þess, og einnig skal boðið upp á stuðning við aðstandendur og starfsfólk“.

Á hjúkrunarheimilum eru gjarnan til nokkuð vegleg bókasöfn en vegna þess hversu einstaklingar eru almennt veikari nú en áður þegar þeir koma inn á hjúkrunarheimili hefur þörfin fyrir bókasafn breyst mikið. Mun færri einstaklingar eru færir um að lesa einir en í staðinn hefur aukist að lesið sé fyrir heimilisfólk og þá oftast í nokkrum hópi í einu. Þetta hefur gert það að verkum að umsjón með bókasafni hefur minnkað verulega og minna er keypt inn af bókum. Þess vegna er alveg sleppt að áætla kostnað bókasafnsfræðings eða starfsmanns í bókasafn.

Á sama tíma hefur öll áhersla á endurhæfingu aukist verulega og eru sérstök endurhæfingarrými til staðar á sumum hjúkrunarheimilum. Í **Kröfulýsingu. Kafli 3.1.4.3 Þjálfun og endurhæfing**, sem þegar hefur verið fjallað um hér vegna bæði sjúkraþjálfara og iðjuþjálfara segir:

„Endurhæfing felur í sér að íbúi öðlist og haldi við sem mestri mögulegri líkamlegri, vitrænni og félagslegri sjálfsbjargargetu. Endurhæfing í þeim skilningi er veitt með almennt styrkjandi og heilsuþætandi þjónustu fyrir íbúa af öðrum en sérhæfðum þjálfurum og miðar að því að koma í veg fyrir og seinka færnistapi og hrörnun“.

Almennt er hér verið að tala um endurhæfingu sem er til viðbótar þeirri þjónustu sem sjúkraþjálfarar og iðjuþjálfar sinna og er henni sinnt af umönnunarstarfsfólki. Jafnframt er ljóst að sundiðkun og leikfimi í vatni hefur mikinn endurhæfingarmátt. Á grundvelli þess hefur t.d. aðstaða til sundiðkunar aukist í tengslum við stærri hjúkrunarheimili, ásamt aðstöðu til frekari líkamsræktar og er gert ráð fyrir því í þessari áætlun að íþróttakennari sé í hlutfallslegu starfi eftir stærð heimila.

Dagdvöl – dagvistun.

Í þessari áætlun er ekki gert ráð fyrir starfsemi dagdvalar þar sem sérstakt daggjald er greitt með hverjum einstaklingi óháð daggjöldum hjúkrunarrýma. Þetta daggjald á að greiða allan kostnað við rekstur dagdvalar og því ekki ástæða til þess að setja slíka rekstrareiningu fram í þessari áætlun.

Eignakaup.

Á hjúkrunarheimili þarf að vera til staðar allur sá búnaður og tæki sem tryggja að þjónusta heimilisins sé í samræmi við Kröfulýsingu fyrir öldrunarþjónustu. Til að uppfylla gæðastaðla og öryggiskröfur er nauðsynlegt að þessi búnaður og tæki séu endurnýjuð með reglulegu millibili. Mjög mismunandi líftími getur verið á þessum hlutum og því þarf að vera til nákvæmur listi yfir allan þennan búnað. Til þess að tryggja það að hjúkrunarheimili sé í stakk búið að endurnýja þennan búnað og tæki í samræmi við ofangreint er nauðsynlegt að hluti daggjalds inniberi fjármagn til þessarar endurnýjunar. Við höfum reiknað út þennan hluta daggjaldsins á grundvelli fyrirliggjandi tækja og áhaldalista sem við teljum raunhæfan og er þessi hluti daggjaldsins færður sem eignakaup í þessari áætlun.

Fjármagnskostnaður.

Ekki er gert ráð fyrir neinum fjármagnskostnaði í þessari áætlun þar sem gert er ráð fyrir daggjöldum sem standa undir rekstri og séu greidd fyrirfram. Þannig eiga ekki að myndast forsendur til fjármagnskostnaðar vegna rekstrar. Ekki er gert ráð fyrir neinum stofnframkvæmdum og því ekki um að ræða framkvæmdalán eða fjármagnskostnað vegna þess. Slíkur kostnaður vegna stofnframkvæmda hlítur alltaf að verða hluti af samkomulagi um frekari uppbyggingu á hverjum stað fyrir sig.

Ýmislegt ófyrirséð.

Í þessari áætlun teljum við nauðsynlegt að setja inn rekstrarþátt sem við köllum ýmislegt ófyrirséð. Ástæðan fyrir því er sú að í áætlunavinnu okkar erum við að notast við tölur frá stórum hjúkrunarheimilum þar sem meiri möguleiki er á hagræðingu stærðar heldur en lítil hjúkrunarheimili geta náð fram. Áætlunin gerir einnig ráð fyrir 100% nýtingu sem getur verið breytilegt og jafnframt miðast allur launakostnaður í umönnun við RAI-mat 1.0. RAI-mat í orðið mun hærra á flestum hjúkrunarheimilum samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum. Þannig teljum við að til staðar verði að vera ákveðin sveigjanleiki til að mæta óhagkvæmari kostum bæði utan þéttbýlis og vegna óvæntra útgjalda. Við gerum því ráð fyrir 15% ófyrirséðum kostnaði á 30 rýma heimili og 10% ófyrirséðum kostnaði á 60 og 90 rýma heimili.

Kostnaður vegna útlaga.

Í viðræðum á milli SFV og SÍ hefur verið rætt um sérstakan kafla um „útlaga“ og hvernig slík tilvik eru meðhöndluð. Útlagar eru einstaklingar (íbúar hjúkrunarheimila) sem þarfnast ákveðinnar þjónustu sem er sjaldgæf en um leið oft mjög dýr úrræði sem RAI-matið mælir ekki. Kostnaður vegna svona tilvika er ekki inni í daggjöldum og eru greiðslur vegna þeirra því greiddar sérstaklega til viðkomandi hjúkrunarheimilis samkvæmt reglum þar um. Í þeim viðmiðunartölum sem notast hefur verið við í þessum útreikningi er ekki sjáanlegt að kostnaður vegna „útlaga“ hafi þar áhrif eða sé innifalinn.